# SUÐUREYRI - Ísafjarðarbær: Tillaga að deiliskipulagi fyrir skólalóð, tjaldsvæði og bílastæði við kirkju.

teiknistofan kol & salt . aðalstræti 22 . 400 ísafirði




Mkv. 1/1000 (A2)

## Greinargerð:

AÐALSKIPULAG
Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag í öllum aðalatriðum.

UMFERÐ
Tvístefna verður á Túngötu með tjörninni, einnig verður tvístefna á Sætúni. Ráðstafanir verða gerðar til að draga úr aksturshraða á þjóðvegi 65 þegar ekið er inn á Suðureyri.

TJALÐSVÆÐI
Tjaldsvæðið er í tveimur hlutum. Lítið þjónustuhús úr timbri með snyrtingum, sturtu, vöskum og geymslu skal fellt inn í stækkun skjólveggs um sundlaug. Drena þarf neðan við svæðið fyrir ofan göngustíginn sem liggur að borði og bekkjum á skógræktarsvæði.

LEIKSVÆÐI
Leiksvæði við skólann eru tvö, lítill fótboltavöllur og körfuboltasvæði næst anddyri skólans og leiksvæði fyrir yngri börnin nær tjörninni, gróður á þrjá vegu (varast ber að runnar komi í veg fyrir eftirlit með svæðinu frá skólanum).
Yfirborðsefni eru möl og gras.

ÍÞRÓTTAHÚS
Byggingarreitur fyrir íþróttahús er undir brekkunni ofan skólahússins, þar er möguleg tenging við sundlaugarhúsið.

Hámarkshæð húss: 8 m
Hámarksstærð húss: 650 m²

BÍLASTÆÐI
Bílastæði eru samnýtt með skóla, kirkju, sundlaug og tjaldstæði. Bílastæði við kirkjuna eru endurskipulögð. Malaryfirborð er á bílastæðum.

GÖNGUSTÍGAR
Göngustígar eru tengdir við lóð kirkjunnar.
Einstefna kemur í stað Túngötu meðfram tjörn, þar er einnig gert ráð fyrir lítilli bryggju út í tjörnina.
Gert er ráð fyrir meiri gróðri meðfram tjörninni, þetta svæði gæti einnig nýst sem tjaldsvæði þegar óvenju mikill fjöldi er á svæðinu.
Yfirleitt er um malarstíga að ræða en hellulagt að sundlaug og skóla.

LÓÐ FYRIR ÍBÚÐARHÚS VIÐ SÆTÚN
Byggingarreitur fyrir íbúðarhús og bílgeymslu er á lóðinni númer 13 við Sætún

Hámarkshæð húss: 3,5 m
Hámarksstærð húss: 160 m² á einni hæð
Hámarksstærð bílgeymslu: 36 m²

## SKÝRINGAR:

- Skipulagsmörk
- Göngustígar
- Byggingareitir
- 15 Húsnúmer
- Tjaldstæði
- Ræktunarsvæði
- ② Fjöldi bílastæða

Deiliskipulagsbreyting þessi er unnin af
**teiknistofunni kol & salt**
í nóvember 2002

elísabet gunnarsdóttir arkitekt faí . kt. 120358-3409

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997

var samþykkt í sveitarstjórn þann 3. desember 2003